

**Sp.**

**727. Tillaga til þingsályktunar**

[189. mál]

um þorskveiðitilraunir með herpinót.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að stjórn fiskimálasjóðs kaupi í Noregi herpinót til þorskveiða í tilraunaskyni, og verði þær tilraunir framkvæmdar annaðhvort á vegum sjóðsins eða af öðrum, sem sjóðsstjórnin felur að hafa þær með höndum.

**Greinargerð.**

Einn þáttur hinnar nýju tækni á sviði fiskveiðanna er að nota herpinót til þorskveiða. Á síðastliðnu ári hófu Norðmenn þorskveiðar með herpinót. Hafa tilraunir þeirra á þessu sviði borið þann árangur, að á þessu ári færast þeir mjög í aukana um þessar veiðar. Það er einkum við Lófót sem þessi veiðiaðferð hefur verið stunduð, en þar hagar að sumu leyti svipað til, að kunnugra manna sögn, um fiskigöngur og fiskveiðaaðstöðu og hér á vetrarvertiðarsvæðunum við suðvesturströnd landsins. Það er t. d. alkunnugt, að þegar fiskur er í göngu meðfram suðurströndinni, er hann þar í mjög þéttum torfum. Sama máli gegnir um ýmis önnur veiðisvæði, einkum þegar mikil silisgengd er. Það benda því allar líkur til þess, að veiðiaðferð þessi geti orðið Íslendingum að miklu gagni, eins og komið er á daginn hjá frændum vorum, Norðmönnum. Það er þess vegna ekki áhorfsmál fyrir Íslendinga að gera tilraun með þessa veiðiaðferð og ganga úr skugga um nothæfni hennar hér. Það liggja því rík rök að því, að vakin sé athygli á þessari merkilegu nýjung. Málinu er með tillögunni beint inn á þá braut, að ríkisstjórnin eigi frumkvæði að því, að hér verði hafizt handa og að fiskimálasjóður beri kostnað af tilraunum þessum, en það er eitt af hlutverkum hans að standa undir tilraunum með nýjar veiðiaðferðir. Þá er ráð fyrir því gert, að stjórn fiskimálasjóðs hafi með höndum framkvæmd þessa máls, annaðhvort á eigin spýtur eða feli hana öðrum.